



Reykjavík, 2. september 2021
PON21070016

Til Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna tilraunaverkefnis um rafræna upplýsingagjöf - R19050087.

Vísað er til bréfs, dagsett þann 31. maí 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um upplýsingar er varða kostnað vegna tilraunaverkefnis um rafræna upplýsingagjöf.

Virðingarfyllt,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Reykjavík, 2. september 2021
PON21070016

Svar

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna tilraunaverkefnis um rafræna upplýsingagjöf - R19050087.

Á fundi mannréttinda, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 27. maí 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 18 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að vita hver sér kostnaðurinn við tillögu 1-4, í gögnum segir aðeins að kostnaður sé innan ramma þjónustu- og nýsköpunarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu? Hverjar eru þessar upphæðir? Eru þær teknar af 10 milljarða innspýtingu til þjónustu- og nýsköpunarsviðsins eða af almennu rekstrarfé? Óskað er sundurliðunar kostnaðar eftir tillögum. Um er að ræða eftirfarandi tillögur: 1. Tillaga um að búa til viðmótið á ensku Can I help you? 2. Tillaga um þýðingar á Spurt og svarað á vef, FAQ, á ensku og pólsku. 3. Tillaga um svör við algengum spurningum um málefni innflytjenda. 4. Tillaga um þjálfun tveggja þjónustufulltrúa þjónustuværs í samstarfi við sérfræðinga mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu auk þess að vinna upplýsingaefni.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og Þjónustu- og nýsköpunarsviðs, með bréfi dagsett þann 31. maí 2001

Svar:

Fulltrúi flokks fólksins spyr um tillögur 1- 4 í minnisblaði R20080089 frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um rafræna upplýsingagjöf til innflytjanda, fjármögnun þeirra og sundurliðun kostnaðar. Hér á eftir verður gert grein fyrir kostnaði sem fallið hefur til vegna verkefnisins innan Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON).

Tillaga um að búa til viðmótið á ensku Can I help you? – á síðu Reykjavíkurborgar sem gefur til kynna að upplýsingar eru líka veittar á ensku.

Ábyrgð: Vefdeild skrifstofu stafrænnar Reykjavíkur á Þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Staða: Sett upp á nýjum vef Reykjavíkurborgar. Verkefnið er í ferli.



Kostnaður ÞON: Rúmast innan kostnaðaráætlunar verkefnisins *Nýr vefur Reykjavíkurborgar* en verkefnið er hluti af fjárfestingaáætlun Græna plansins. Áætlað er að kostnaður við verkefnið samsvari 8klst. eða 38.400kr.

Tillaga um þýðingar á Spurt og Svarað á vef, á ensku og pólsku.

Ábyrgð: Textavinna Mannréttindaskrifstofa, uppsetning Þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Staða: Framkvæmd lokið.

Kostnaður ÞON: Unnið af starfsmönnum innan vinnuskyldu og rekstrarramma sviðsins. Kostnaður samsvarar 4 vinnudögum, 32 klst eða 153.600 kr.

Tillaga um svör við algengum spurningum um málefni innflytjenda, FAQ, með spurningum er varða innflytjendur. Efni yrði sett á vef.

Ábyrgð: Textavinna Mannréttindaskrifstofa, uppsetning Þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Staða: Texti í vinnslu á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Uppsetning verður í kjölfarið unnin af þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Kostnaður ÞON: Unnið af starfsmönnum innan vinnuskyldu og rekstrarramma sviðsins. Áætlað er að kostnaður samsvari 4 vinnudögum, 32 klst eða 153.600 kr.

Tillaga um hjálfun tveggja þjónustufulltrúa þjónustovers í samstarfi við sérfræðinga MAR, auk þess að vinna upplýsingaefni. Í hjálfuninni felst meðal annars námskeið í menningarnæmi og færni í upplýsingagjöf fyrir innflytjendur.

Ábyrgð: Mannréttindaskrifstofa með þátttöku Þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Staða: Eitt slíkt námskeið í menningarnæmi var haldið haustið 2019.

Kostnaður ÞON: Enginn kostnaður féll til vegna verkefnisins innan sviðsins.

Virðingarfyllst,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga